



Ársskýrsla 2013

Efnisyfirlit

Yfirlit ársins.....	2
Helstu lykiltölur:	3
Gróðursetningar og aðrar framkvæmdir.....	4
Fræðsla, fundir og ráðstefnur.....	5
Sérstök stefnumörkun Skjólaskóga á Vestfjörðum	6
Ársreikningur 2013 og fundargerðir stjórnar	7

Yfirlit ársins.

Prettánda starfsár Skjólaskóga á Vestfjörðum var að mörgu leiti hagstætt ár þrátt fyrir eindæma kalt vor en jafnframt rigningasamt þannig að gróðri fór vel fram. Bætt var við ½ stöðugildi starfsmanns, svæðisstjóra í Strandasýslu og Austur Barðastrandasýslu og er Arnlín Óladóttir því aftur komin til starfa hjá Skjólaskógum eftir tveggja ára hlé.

Fé til Skjólaskóga á fjárlögum 2013 var 40 milljónir eins og árið áður en þar sem tekist hafði að vinda ofan af halla síðustu ára var hægt að halda nokkurn vegin sjó í framkvæmdum þrátt fyrir aukningu stöðugilda úr 1,8 í 2,4. Með aukningu stöðugilda á að bæta þjónustu við bændur á svæðinu ásamt því að aukin áhersla verður lögð á úttektum eldri framkvæmda.

Verkefni Skjólaskóga voru að mestu hefðbundin en þó má telja til tíðinda að Skjólaskógar unnu tvær skógræktaráætlanir fyrir Vegagerðina, annars vegar um endurheimt birkiskógar í landi Skóga í Þorskafirði í stað skóga sem fara undir nýja vegi í Vestur-Barðastrandasýslu. Hins vegar var unnin tillaga og áætlun fyrir ræktun snjósöfnunarskógar í landi Skálavíkur í Mjóafirði með það að markmiði að draga úr snjósöfnun upp á nýja veginn um Vatnsfjarðarháls.

Talsverð vinna fór síðustu mánuði ársins í að greina verkefni Skjólaskóga vegna hugmynda hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar um hagræðingu og hugsanlega sameiningu verkefna með svipaða starfsemi. Einnig fór mikill vinna í undibúning nýrrar reglugerðar fyrir landshlutaverkefni í skógrækt, bæði þessi verkefni eru unnin undir stjórn Umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Helstu lykiltölur:

Nokkrar helstu lykiltölur 2007-2013


	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
1 Fjöldi samningsjarða	44	46	46	52	52	52	53
2 Flatarmál samningslands (ha)	2291	2710	2710	2970	2970	2970	3017
3 Fjöldi jarða sem planta á árinu	33	30	31	34	34	24	17
4 Fjöldi skjólbeltaræktenda	0	0	1	2	2	2	0
5 Lengd ræktaðra skjólbelta	0	0	0,5	2,5	1,5	0,5	0
6 Árleg gróðursetning (plöntur)	330.000	289.366	313.225	230.833	311.833	209.573	209.943
7 Kostnaður pr. plöntu (gjöld /plöntufj)	151,6	163,0	157,4	204,6	144,7	170,4	190,1
8 Grisjaðir hektarar	0	0	0	0	0	0	0,5
9 Ársverk fastra starfsmanna	3,3	2,8	2,6	2,6	2,0	1,8	2,4

Lykiltölur úr ársreikningi	2008	2009	2010	2011	2012	2013
10 Heildarfjárveiting	52.000.000	46.100.000	43.700.000	40.400.000	40.000.000	40.000.000
11 Heildargjöld	47.173.181	49.310.007	47.231.929	45.121.305	35.714.838	39.908.923
12 Laun og launatengd gjöld	15.909.119	16.164.787	17.280.994	14.013.346	12.860.489	17.405.819
13 Starfstengdur kostnaður	2.467.632	3.526.382	2.501.452	1.556.718	1.614.494	1.113.539
14 Aðkeypt þjónusta og húsnæði	1.357.256	1.046.423	1.643.756	1.339.152	1.267.480	1.101.469
15 Framlög til skógarbænda	22.622.000	23.447.835	23.018.483	25.764.664	18.084.168	17.495.277
16 Annar rekstrarkostnaður	4.500.929	5.124.580	637.244	2.449.241	1.890.265	2.004.599
17 Eignakaup	316.245	0	2.150.000	0	0	499.612
18 Sértekjur	455.000	3.592.842	167.479	1.626.073	2.058	651.855
19 Hagnaður/ tep (-)	4.826.819	382.835	-3.531.929	-2.884.601	4.287.220	742.932

Á árinu var unnin nákvæm úttekt á því í hvað vinnutími starfsmanna fer og má sjá niðurstöður í töflu og kökutiti hér að neðan:

Flokkað í megin starfsþætti	klst.
Þjónusta við bændur, á vettvangi	547
Þjónusta við bændur, frá starfsstöð	1320
Úttektir (langtíma) og rannsóknir	104
Áætlanagerð (árleg & langtíma)	92
Fræðslumál	470
Skrifstofa & stjórnun	1497
Vinnusala & annað	110


Ath. hér er eingöngu listaður virkur tími, en fríum, helgidögum og veikindadögum sleppt.



Sé tekin saman upphæð beinna framlaga til skógarbænda og sá hluti vinnutíma starfsmanna sem fer í beina þjónustu við að rækta skóginn þá má halda því fram að 26,2 milljónir af rekstri Skjólskóga 2013 sé beint vegna framkvæmda, eða 66 %.

Gróðursetningar og aðrar framkvæmdir.

Alls voru gróðursettar 209.943 skógarplöntur sem er sami fjöldi og árið áður.



Um 90 hektara lands bættust á árinu við plantaða skóga sem eru samtals orðinir 1.758 hektarar á starfssvæði Skjólaskóga. Til verksins hafa farið 3,9 milljónir plantna frá upphafi.

Tegund	2013
Ilmbjörk	75.220
Sitkagreni/S.bast.	39.160
Hvítgreni	8.200
Rauðgreni	1.600
Íslandslerki (Hrymur)	495
Rússalerki	19.913
Evrópulerki	13.689
Stafafura	19.880
Bergfura	7.611
Lindifura	1.880
Alaskaõsp	19.530
Reyniviður	1.435
Gulvíðir / loðvíðir	1330
Samtals: 209.943	



Á jörðinni Felli í Kollafirði (Strandabyggð) var gerður eini samningur ársins um 42,7 ha nytjaskógrækt. Svæðið var girt sumarið 2013 og skógrækt hefs 2014.

Bein framlög til skógræktar hjá samningsbundnum skógarbændum námu alls 17,5 milljónir kr. á móti 18,1 milljón kr. árið 2012.

Fræðsla, fundir og ráðstefnur.

Námskeið í trjáfellingu og meðferð keðjusaga var haldið á Þingeyri dagana 17.-19. sept. í samstarfi við LBHÍ. á Reykjum. 12 manns sóttu námskeiðið þar af 8 skógarbændur. Grisjun og trjáfelling fóru fram í gömlum stafafurureit á Brekku í Dýrafirði og einnig í garðinum Skrúð.



Aðalfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum var haldinn í Súðavík 20. Júní.

Starfsmenn og stjórn Skjólskóga sóttu **Fagráðstefnu skógargeirans** á Hallormsstað 12.-13. mars.

Framkvæmdastjóri (ásamt öðrum framkvæmdastjórum LHV) fóru á vegum Landsamtaka skógareigenda og Landbúnaðarháskóla Íslands í nokkura daga kynnisferð til skógarbænda í Smálöndum í Svíþjóð til að kynna sér þarlent verkefni "*kraftsamling skog*", en LSE. er að hringa af stað hliðstæðu verkefni Kraftmeiri skógur meðal skógarbænda hérlandis og munu landshlutaverkefnið koma að tilteknum þáttum þess starfs. Hluti verkefnisins er m.a. útgáfa fræðsluefnis um alla helstu þætti skógræktar og skóg-rekstrar. Nánari upplýsingar má m.a. finna á heimasíðu LSE.: <http://www.skogarbondi.is/>



Framkvæmdastjóri sótti **aðalfund Landsamtaka skógareigenda** (LSE) í Hveragerði 30.-31. ágúst.

Skógargöngur voru gengnar á fjórum skógarjörðum á árinu: þann 18. apríl á Gileyri í Tálknafirði, þann 6. maí á Höfða í Dýrafirði, 6. júní á Mávátúni í Reykhólasveit og 25. ágúst á Víðidalssá í Steingrímsfirði. Alls mættu um 70 manns í skógargöngurnar .

Sérstök stefnumörkun Skjólskóga á Vestfjörðum

Í janúar settist stjórn og starfsmenn yfir það verkefni að endurskoða og skilgreina í sérstöku plaggi helstu stefnumarkmið verkefnisins.

Stefna Skjólskóga á Vestfjörðum

Í samræmi við stefnu og anda í lögum um landshlutaverkefni í skógrækt (95/2006) stefna Skjólskógar á Vestfjörðum að ræktun fjölnytjaskóga á Vestfjörðum í þremur meginflokkum: gagnviðarskógrækt, búskaparskógrækt og landbótaskógrækt.

Lágmarksstærð samfelldra samningssvæða er 10 ha.

Í öllum skógargerðum verða til fjölbreyttar aukaafurðir svo sem ber- og sveppir, trjástofnar og greinar úr grisjun, eldiviður og annað smátimbur.

Gagnviðarskógrækt er stunduð á lögbýlum á svæðum sem bjóða upp á góð vaxtar-skilyrði. Stefnt skal að sem stærstu samfelldu svæði til að minnka jaðaráhrif.

I. Fjölnytjaskógar. Ræktaðir í frjósömu landi. Tegundaval og umhirða miðast við timburframleiðslu. Plantað er þétt til að flýta fyrir myndun skógarumhverfis, grisjun eftir því sem hagkvæmast þykir til að halda jafnvægi í bolvexti, fá gott timbur og kvistalítið. Skjólbelti og skjólskermur geta verið partur af þessari ræktun í upphafi til að bæta vaxtar-skilyrði og flýta vexti.

II. Orkuskógar. Ræktun fljótvoxinna víði- eða asparklóna til að kurla í brennslu til orkuframleiðslu, (E. short rotation forestry / coppice). Ræktun fer fram á frjósömu og véltæku landi.

Búskaparskógrækt (E. agroforestry) er hægt að stunda á lögbýlum í rekstri hvar sem er á Vestfjarðakjálkanum óháð veðurfarsskilyrðum.

III. Skjólbelti: Skjólbeltakerfi verða fyrst og fremst á ræktuðu landi (akrar og tún), við hús og heimili. Efniviður verður græðlingar, skógarplöntur eða garðplöntur. Breið skjólbelti á jöðrum safna í sig snjó og ber að nýta þau sem slík (snjófangara). Nýta má breiðustu gerð beltanna fyrir takmarkaða beit. Skjólbelti nýtast á aðlægum svæðum sem skjól fyrir búfé.

IV. Hagaskógar (E. Silvopasture): verða ræktaðir á bújörðum í afgirtum beitar-stýrðum hólfulum til að auka framleiðni lands og afurðir búfjár. Þar verða einkum notuð lauftré og aðrar tegundir sem veita ljósi niður í svörð og þola traðk. Gróðursetning er gisin en þéttari lundir og opin rjóður auka fjölbreytni undirgróðurs og koma í veg fyrir vindstrengi undir laufbaki. Tegundir og umhirða miðast við að auka vöxt beitargróðurs. Notkun skóganna til beitar hefst ekki fyrir en fagaðili telur ráðlegt. Beitarálagi verður ávallt stjórnað.

V. Skjólskógar. Tilgangur slíkra skóglenda er fyrst og fremst að hafa áhrif á sterka og staðbundna vindstrengi sem geta haft áhrif á veðurfar við mannvirki. Þessi tegund skógræktar byggir fyrst og fremst á fjölbreytni tegunda, óreglu og samspili við landslag. Opin

svæði eru jafn mikilvægur þáttur af slíku skóglendi og trén sjálf. Plantað er misþétt til að fá fram sem flesta eiginleika skóglendis - myrkvið og sólrík rjóður. Skjólskógar geta jafnframt gegnt fjölbreyttara hlutverki t.d. sem útivistarskógar.

Landbótaskógrækt.

VI. Verndar- og landgræðsluskógar.

Verndarskógar eru til að hindra rof, binda skriður, fanga snjó við vegi, bæta vatnsbúskap og ræktun á bökkum straumvatna (E. Riparian forest) með það að markmiði að auka vatnalíf með lauffalli og skordýralífi skóga.

Landgræðsluskógum er ætlað að græða sár og bæta landkosti. Auk trjágróðurs þarf að bæta starfsemi vistkerfa svo sem jarðvegs og vatnsbúskapar með tiltækum aðferðum með framtíðarnot að leiðarljósi.

Landgræðslu- og verndarskógar geta með tíð og tíma orðið að hinum bestu haga-skógum, þó mun seinna en til þess gerð skóglendi.

VII Endurheimt náttúrulegs birkiskógavistkerfis.

Þessi skógrækt miðar að endurheimt birkiskóga á landi þar sem það þykir eftirsóknarvert. Beitt er aðferðum vistheimtar til náttúrulegrar gróðurframvindu beitarstjórn og friðun. Í upphafi getur þurft takmarkaða sáningu og áburðargjöf til að hvetja umsetningu næringarefna í jarðvegi og fræframleiðslu.

Skjólskógar á Vestfjörðum ætla að hafa vel menntað og hæft starfsfólk til að vinna hvers konar undirbúning, gróðurkortagerð og gerð ræktunaráætlana auk kennslu, leiðbeininga og úttekta á framkvæmdum.

Kennsla og leiðbeiningar til skógarbænda fer fram á sérstökum námskeiðum Skjólskóga eða í samstarfi við til þess bærar fræðslustofnanir.

Skjólskógar á Vestfjörðum sinna rannsóknarverkefnum eftir því sem fjármunir leyfa ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar fagstofnanir. Hér er einkum litið til rannsóknarverkefna sem nýtast í starfi skógarbænda á Vestfjörðum s.s kvæma-rannsóknir, vaxtarmælingar og aðrar hagnýtar rannsóknir.

[Skjólskógar. 21. Janúar 2013]

Ársreikningur 2013 og fundargerðir stjórnar

eru aðgengilegir á heimasíðu Skjólskóga: <http://www.skjolskogar.is>